

Persónuvernd  
Rauðarárstíg 10  
105 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2021

## **Efni : Viðbótarumsögn UMS um drög að skilmálum í starfsleyfum fjárhagsupplýsingastofa**

Með bréfi þessu vill Creditinfo Lánstraust hf. koma á framfæri eftirfarandi ábendingum vegna viðbótarumsagnar embættis umboðsmanns skuldara dags. 24. febrúar 2021 um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa.

Embætti umboðsmanns skuldara leggur til að fellt verði úr skilmálum fjárhagsupplýsingastofa heimild til að nýta upplýsingar um greiðsluaðlögun, hvort sem er í lánshæfismati eða með öðrum hætti.

Eins og komið hefur fram í úrskurðum Persónuverndar er ljóst af lögum um neytendalán nr. 33/2013 að lögð er rík áhersla á að gert sé áreiðanlegt lánshæfismat í aðdraganda samnings um neytendalán og fyrir liggi að skýrslum Creditinfo sé ætlað að nýlast til gerðar sliks mats. Því hefur Persónuvernd litið svo á að það feli ekki í sér óheimila miðlun upplýsinga um vanskilakröfur, sem komið hefur verið í skil, að þær hafi áhrif á niðurstöðu skýrslna um lánshæfi, enda liggur fyrir að upplýsingarnar berast ekki viðtakendum matsins.

Eins og fram kemur í lögum um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 er markmið laganna að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín. Einstaklingur þarf að sýna fram á að hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárskuldbindingar sínar.

Lánshæfismatslíkan Creditinfo hefur staðfest að upplýsingar um vanskil í fortíðinni sem og upplýsingar um að einstaklingur hafi farið í gegnum greiðsluaðlögun, þ.e. innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun hafi verið birt, hafa mikið spágildi um vanskil í náinni. Bæði hérlandis og erlendis hefur það sýnt sig að upplýsingar um fyrri vanskil er ein sterkasta breytan, sé hún til staðar, til að meta líkur á vanskilum í framtíðinni.

Greining á sögulegum vanskilum hefur meðal annars staðfest að á því tveggja ára tímabili sem áhrif greiðsluaðlögunar gætir í lánshæfismati þá fer um 50% einstaklinga á vanskilaskrá. Umboðsmaður skuldara leggur til að Creditinfo geti í stað upplýsinga um greiðsluaðlögun byggt lánshæfismatið eingöngu á upplýsingum um fyrri vanskil. Vissulega er það þannig að flestir þeirra einstaklinga sem fara í greiðsluaðlögun eru með sögu um fyrri vanskil (um 85%) en þegar eingöngu er litið til þeirra sem ekki áttu fyrri skráningar á vanskilaskrá þegar innköllun var birt fer um 25% þeirra inn á vanskilaskrá eftir að hafa farið í greiðsluaðlögun. Þetta sýnir að það væri óráðlegt að undanskilja upplýsingar um greiðsluaðlögun þar sem þær hafa skýrt forspárgildi um vanskil í framtíð, einnig þegar aðrar upplýsingar eru ekki tiltækar.

Áhættuflokkar lánshæfismats eru birtir á kvarðanum A-E, þar sem í A eru hlutfallslega minnstar líkur á greiðslufalli en E mestar líkur á greiðslufalli. Innan hvers lánshæfisflokks eru kvarðar frá 1-3 sem sýnir stöðu innan áhættuflokks. Hver flokkur segir til um líkur á vanskilum.

Áhrif greiðsluaðlögunar á lánshæfismat eru þau að lánshæfismat verður ekki betra en D2 í tvö ár sem rímar mjög vel við söguleg vanskil þessa hóps þar sem Líkur á vanskilum í flokinum D2 er spáð sem 26%-32% á ári. Rétt er að taka fram að lánshæfismatið getur verið lægra ef aðrar upplýsingar liggja fyrir sem hafa enn neikvæðari áhrif á matið.

Tölfræðin sýnir að aðilar sem fara í gegnum greiðsluaðlögunarúrræðið eru um 30 sinnum líklegrir en þeir sem sýna engin merki um söguleg fjárhagsleg vandræði til að fara í vanskil á næstu misserum og er nauðsynlegt að slíkt endurspeglist í lánshæfismati eigi það að nýtast lánveitendum til að taka upplýstar og ábyrgar ákvarðanir við lánveitingar eins og þeim er skylt að gera lögum samkvæmt.

Þá er mikilvægt að upplýsingar um innkallanir vegna samnings um greiðsluaðlögun séu birtar á skrá fjárhagsupplýsingastofu um vanskil og opinberar gjörðir og verður ekki séð á hvaða rökum á að undanskilja þær opinberu upplýsingar sem hér um ræðir sem eru nauðsynlegar kröfuhöfum hagsmuna sinna og lögmönnum í innheimtustarfsemi til að geta sinn skyldum sínum við viðskiptavini sína.

Að lokum vill Creditinfo þakka Persónuvernd fyrir gott samstarf við endurnýjun starfsleyfisskilmála fyrir fjárhagsupplýsingastofur.

Virðingarfyllst,  
f.h. Creditinfo Lánstrausts hf.  
  
Sigríður Laufey Jónsdóttir